

Ed.

## 71. Frumvarp til laga

[65. mál]

um breyting á lögum nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis.

Flm.: Oddur Ólafsson.

### 1. gr.

Við 59. gr. laganna bætist:

Þar skal einnig vera spjald jafnstórt kjörseðli með upphleyptum listabókstöfum og blindraletri, með glugga framan við hvern staf og vasa á bakhlið þannig að blindir geti gegnum glugganu sett kross framan við þann lista, er þeir gefa atkvæði sitt, og á þann hátt kosið í einrúmi og án aðstoðar.

### 2. gr.

Síðasti málsl. 1. mgr. 66. gr. laganna orðist svo:

Að þessu loknu fær kjósandi afhent tölusett fylgibréf með áföstum kjörseðli og hjálpargögn, sé hann blindur (sjá 59. gr.), og skal hann síðan aðstoðarlaust, í einrúmi og án þess að nokkur maður sjái rita atkvæði sitt á kjörseðilinn á þann hátt er að framan greinir, loka honum síðan þannig að það verði innan á, er hann hefur skrifað á seðil sinn, og líma hann vandlega aftur.

### 3. gr.

3. mgr. 66. gr. laganna orðist svo:

Því næst útfyllir og undirskrifar kjörstjórinn vottorð á fylgibréfinu um að kjörseðillinn sé útfylltur í einrúmi og án aðstoðar. Ef kjósandi skýrir kjörstjóra svo frá, að hann sé eigi fær um að kjósa á fyrirskipaðan hátt sakir sjónleysis eða þess, að honum sé höndin ónothæf, skal sá úr kjörstjórninni, er kjósandi nefnir til, veita honum aðstoð til þess í einrúmi, enda er sá, sem aðstoðina veitir, bundinn þagnarheiti um að segja ekki frá því, sem þeim fer þar á milli. Heimilt er kjörstjórnarmanni að undirrita fylgibréfið fyrir hönd kjósanda í viðurvist kjörstjórnar. Um aðstoðina skal bóka í kjörbókina og á fylgibréfið, að tilgreindum ástæðum. Kjörstjórnarmanni er með öllu óheimilt að þjóða þeim aðstoð sína, er þarfnast hjálpar skv. grein þessari. Kjörstjóri ritar á stofn kjörblaðsins nafn og heimili kjósanda og kjördæmis hans og hvaða dag kosningin fór fram. Hann skal gæta þess vandlega að stofn, fylgiblað og umslag, sem notað er við kosninguna, sé allt auðkennt sömu tölu.

### 4. gr.

Við 71. gr. laganna bætist:

Yfirkjörstjórn á hverju kjörsvæði skal strax að morgni kjördags bera þau utankjörstaðaratkvæði, er borist hafa, saman við kjörskrá viðkomandi staðar og það, sem ekki finnst þar, skal borið saman við þjóðskrá og atkvæðunum komið á réttan ákvörðunarstað.

### 5. gr.

8. töluliður 141. gr. laganna falli brott.

### 6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Frumvarp svipaðs efnis og hér er flutt, flutti Pétur Sigurðsson á síðast þingi. Því fylgdi þá svo hljóðandi greinargerð:

„Langt er nú síðan flutningsmaður þessa frv. vakti athygli á þeim órétti sem ríkti, er hluta þegnanna væri fyrirmanað að sækja kjörfund á kjördegi, vegna sjúkleika eða öldrunar, að þá væru þeir sviptir um leið þeim grundvallarrétti lýðræðisins að neyta atkvæðisréttar síns í kosningum til Alþingis.

Nokkuð var á móti slíkum aðfinnslum komið og réttmæti þeirra viðurkennt a. m. k. í Reykjavíkurborgdæmi, þegar kjördeildum var fjölgað og vistmönnum dvalarheimila aldraðra, sem skipta hundruðum, var opnaður möguleiki til að kjósa á kjördegi innan veggja heimilanna sjálfra.

Stærsta skrefið til að bæta um á þessu sviði var þó stigið með breytingunni, sem gerð var með lögum nr. 15 5. apríl 1974 á lögum nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis. Þá var kjörstjóra við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar héraðs heimilað að láta kosningu fara fram á sjúkrahúsi eða dvalarheimili aldraðra, enda væri kjósandi sjúklingur eða vistmaður á stofnuninni.

Um þessa kosningaathöfn gilda þó enn að öllu leyti sömu reglur og um utankjörfundaratkvæðagreiðslu á skrifstofu eða heimili kjörstjóra, en þar segir, að kjósanda beri að koma á fund kjörstjóra í hentugt húsnæði innan viðkomandi stofnunar og að atkvæðagreiðsla megi eigi fara fram í sjúkrastofum eða herbergjum vistmanna.

Við slíka kosningaathöfn, þ. e. á sjúkrahúsi eða dvalarheimili aldraðra, gilda að öllu leyti sömu ákvæði laga og um allar atkvæðagreiðslur utan kjörfundar og að sjálfsgöðu þar á meðal 2. mgr. 66. gr. laga um kosningar til Alþingis, að óheimilt sé að veita kjósanda aðstoð við sjálfa kosninguna.

Kjósundur, sem þurfa að kjósa til Alþingis utan kjörfundar, hafa snöggtum minni rétt en þeir, sem geta greitt atkvæði á kjörfundi, því í 88. gr. sömu laga segir, að kjósandi eigi rétt á að fá aðstoð við atkvæðagreiðsluna í kjörklefanum, ef hann skýri kjörstjórn frá því, að hann sé eigi fær um að kjósa á fyrirskipaðan hátt sakir sjónleysis eða þess að honum sé hönd ónothæf.

Með ákvæðinu, sem bannar hjálp til handa því fólki, sem vill og þarf að kjósa við utankjörfundaratkvæðagreiðslu, eru ótrúlega margir þagnar okkar þjóðfélags settir á óæðri bekk og sviptir sínum grundvallarrétti — kosningarréttinum.

Þeir, sem tekið hafa þátt í kosningavinnu, máske áratugum saman, þekkja of mörg dæmi þess, að sjúkum, blindum og öldruðum hefur verið snúið grátandi frá utankjörfundaratkvæðagreiðslu vegna líkamlegrar vanhæfni þeirra. Slíkt á auðvitað ekki að eiga sér stað og er löggjafanum til vansæmdar, ef ekki verður úr bætt.

Með þessu frumvarpi, ef samþykkt verður, er bættur sá aðstöðumunur, sem hér hefur verið drepið á, og heimiluð sama hjálp til handa þeim, sem kjósa utan kjörfundar, og á kjörfundi.

Ákvæðið um bókun á fylgibréfið er til að fyrirbyggja hugsanlega tortryggni kjörstjórnar í fjarlægri heimabyggð kjósanda, sem máske er kunnugt um vanhæfni kjósanda til að neyta atkvæðaréttar síns, en ekki um það, hvernig að atkvæðagreiðslunni hefur verið staðið.“